

# Kjörstjórn.

Ár 2010. sunnudaginn 9. maí kl. 17:00 kom kjörstjórn saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mættir voru Inga Lóa Hannesdóttir, Pálína Sigurjónsdóttir og Margrét Haraldardóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

Á fundinn mættu umboðsmaður D listans Eyjólfur K. Kolbeins og umboðsmenn A-listans Magnea Á. Árnadóttir og Þorsteinn Hjartarson.

1. Farið hefur verið yfir lista meðmælanda beggja listanna sem lagðir voru fram þann 8. maí s.l. til sveitarstjórnarkosninga í Hveragerðisbæ þann 29.maí n.k. Einn meðmælandi á D-lista er ekki með lögheimili í Hveragerði þannig að meðmælendur með listanum eru 76. Listarnir báðir úrskurðaðir gildir af kjörstjórn.

2. Eftirfarandi tilkynning verður send Félagsmálaráðuneyti:  
Kjörstjórn Hveragerðisbæjar hefur á fundi sínum, sunnudaginn 9. maí 2010, úrskurðað að allir framlagðir framboðslistar séu gildir.

3. Kjörstjórn ákvað að fá tvo dyraverði til starfa á kjördegi. Formanni falið að finna þá. Jafnframt er formanni falið að ganga frá prentun á kjörseðlum.

4. Kjörstjórn samþykkir að auglýsa framkomna lista á heimasíðu bæjarins og á auglýsingatöflum í bæjarfélaginu.

Fleira ekki gert - fundi slitið kl. 17:20

Inga Lóa Hannesdóttir, (sign)  
Pálína Sigurjónsdóttir, (sign)  
Margrét Haraldsdóttir (sign)  
Helga Kristjánsdóttir (sign)